



SJL1C05

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari/kennarar: Ingibjörg Friðriksdóttir

Netfang/netföng: if@bhs.is

Lýsing:

Nemendur gera verkefni til að þjálfra hæfni sína og skilning í formfræði og litafræði. Í formfræði kanna þeir lögmál klassískrar myndbyggingar og hugtök á borð við frumform, jafnvægi, spennu, endurtekningu, hlutbundin og óhlutbundin form, mynstur og merkingu. Í litafræði rannsaka nemendur ljósblöndun lita í tölvu, heita liti, kalda liti, andstæða liti, sálræn áhrif lita, merkingu þeirra og fleira. Lögð er áhersla á að nemendur kanni áhrif lita, forma og myndbyggingar í myndlist og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun á ólíkum sviðum lista og hönnunar.

Þekking-, leikni-, hæfniviðmið:

Nemandi skal hafa ðölast þekkingu og skilning á:

- hlutbundnum formum og óhlutbundnum.
- klassískum lögmálum myndbyggingar.
- hugtökum eins og jafnvægi, spennu, endurtekningu og rytma í myndbyggingu og formfræði.
- sálrænum áhrifum lita.
- hlutverki lita- og formfræði í allri listsköpun..
- litakerfum tölva og litaprentun.

Nemandi skal hafa ðölast leikni í að:

- byggja upp mynd með aðferðum klassískrar myndbyggingar.
- raða saman formum m.t.t. myndbyggingar og sálrænna áhrifa af samspili þeirra í myndfletinum.
- breyta metnun og birtustigi lita í tölvum.
- velja liti í markvissum tilgangi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna markvisst með liti og form við gerð eigin myndverka. Námsmat: verkefnamat.
- miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði. Námsmat: verkefnamat.
- greina sjónræna merkingu með tilliti til lita- og formfræði á ýmsum sviðum lista og hönnunar. Námsmat: verkefnamat.

tjá sig um litanotkun, myndbyggingu og formfræði í eigin verkum og annarra. Námsmat: verkefnamat, frammistöðumat.

Námsmat:

Símmat er í áfanganum sem byggist á vinnu í tímum, heimavinnu og verkefnaskilum þar sem nemendur kynna verkefni sín fyrir hinum nemendunum í bekknum.

- 45% Formfræði
- 40% Litafræði
- 15% Rannsóknaverkefni
- 5% Kennaraeinkunn



Námsgögn:

Mappa með plastvösum í stærinni A-4. Fjöldi plastvasa verður að vera minnst 30.
Teikniáhöld s.s tússpennar 0.2, 0.4, 0.6 og einn mjög breiðan túss.
Tölvuforritið Adobe Illustrator er í tölvum skólans. Pappír til að teikna á og til útprenntunar er í skólanum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

*Mæting er gríðarlega mikilvæg. Fari óheimilar fjarvistir yfir 15% telst nemandi fallinn í áfanganum en fari heildarfjarvistir yfir 20% af **hvaða ástæðu sem er** (þar meðtöldum veikindum) telst nemandi jafnframt fallinn. Ekki er ætlast til að nemandinn hafi sína eigin tölvu til afnota en það er nauðsynlegt að klára öll verkefni á tilsettum tíma og halda kennsluáætlun. Nemendur hafa aðgang af skólatölvum fyrir utan kennslustundir.*



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
2	7.-10. janúar	Kynning á áfanganum. Inngangur: skipulag	
3	13.-17. janúar	Upphaf: kennsla á forritið Illustrator, skipting flatarins	
4	20.-24. janúar	Formfræði: ferhyrnt form.	
5	27.-31. janúar	Formfræði: hringlaga form.	
6	3.-7. febrúar	Formfræði: þríhyrnt form.	
7	10.-14. febrúar	Formfræði framhald.	Varða 1 Skóhlífadagar
8	17.-21. febrúar	Myndbygging: innlögn kennara. Umræður.	
9	24.-28. febrúar	Línur: lóðréttar línur. Láréttar línur.	
10	3. - 6. mars	Línur: láréttar – og láréttar línur	Vorannarhlé
11	9.-13. mars	Tilraunir með blek.	
12	16.-20. mars	Tilraunir framhald.	
13	23.-27. mars	Skil: formfræðismappa. / kynning á myndbyggingarverkefni	Varða 2
14	30.mar. -3. apríl	Lítafræði í tölvu: litaspjald.	
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi	
17	20.-24. apríl	Lítafræði í tölvu: heitir- og kaldir litir.	Sumardagurinn fyrsti
18	27.-30. apríl	Lítafræði í tölvu: andstæðir litir.	
19	4.-8. maí	Lítafræði í tölvu: tilraunir	
20	11.-13. maí	Skil á möppur og frágangur	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.